



# Skógafoss,

Rangárþingi eystra

Stjórnunar- og verndaráætlun 2019 - 2028

Apríl 2019

# Efnisyfirlit

<b>ADGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2023</b> .....	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
1.1. Samráð .....	7
1.2. Eignarhald og umsjón .....	8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi .....	8
1.4. Verndargildi og verndarflokkur .....	9
<b>2. LÝSING Á SVÆÐINU</b> .....	<b>10</b>
2.1. Mörk svæðisins.....	10
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	10
2.1.2. Jarðminjar .....	10
2.1.3. Gróður, vistgerðir og dýralíf.....	11
2.2. Menningarminjar .....	13
2.3. Landnotkun .....	13
2.3.1. Landbúnaður .....	13
2.3.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	13
2.3.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	14
2.4. Innviðir og mannvirki .....	14
2.4.1. Landvarsla .....	15
2.4.2. Aðgengi .....	15
2.4.3. Vegir, göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir .....	15
2.4.4. Skilti.....	16
2.4.5. Úrgangur .....	16
2.5. Öryggismál .....	16
2.6. Fræðsla og kynning .....	16
2.7. Mönnuð og ómönnuð loftför .....	16
2.8. Rannsóknir og vöktun .....	16
<b>3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR</b> .....	<b>17</b>
3.1. Stjórnsýsla .....	17
3.2. Náttúruminjar .....	17
3.2.1. Jarðminjar .....	17
3.2.2. Gróður, vistgerðir og dýralíf.....	18
3.3. Menningarminjar .....	18
3.4. Landnotkun .....	18
3.4.1. Landbúnaður .....	18
3.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun .....	19
3.4.3. Ferðaþjónusta og útivist.....	19
3.5. Innviðir og mannvirki .....	19
3.5.1. Landvarsla og umsjón.....	20
3.5.2. Aðgengi og takmarkanir á umferð .....	20

3.5.3.	Vegir og bílastæði.....	20
3.5.4.	Göngu- og reiðhjólástígar.....	20
3.5.5.	Skilti.....	21
3.5.6.	Úrgangur .....	21
3.6.	Öryggismál .....	22
3.7.	Fræðsla og kynning .....	22
3.8.	Mönnuð og ómönnuð loftför .....	22
3.9.	Rannsóknir og vöktun .....	23
<b>4.</b>	<b>SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL .....</b>	<b>24</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>25</b>
	<b>VIÐAUKI I .....</b>	<b>26</b>
	<b>VIÐAUKI II .....</b>	<b>27</b>
	<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>28</b>
	<b>VIÐAUKI IV .....</b>	<b>29</b>
	<b>VIÐAUKI V .....</b>	<b>30</b>

---

Leiðarljós áætlunar þessarar er að varðveita einstaka fegurð og kraft Skógafoss með samstarfi stjórnvalda og hagaðila og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu og markvissum stjórnunaraðgerðum.

---

# Aðgerðaáætlun 2019 – 2023

Kafli þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að ráðast í svo að verndargildi Skógafoss haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

## Árlega eða reglubundið

- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- ✓ Eyða skal ummerkjum aflagðra stíga við Skógafoss. Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þess og fylgist með árangri verksins með myndatöku og skýrslugerð.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Fylgst verði með ástandi innviða og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Mat verði gert á ástandi gönguleiða innan náttúruvættisins um Fimmvörðuháls á hverju vori og metið hvort loka þurfi leiðinni vegna þýðu og aurbleytu.
- ✓ Landvörður skal vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og skrá það í dagbók landvarða og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- ✓ Landvörður í samstarfi við sérfræðing geri ástandsmat fyrir svæðið.
- ✓ Heimasíða um svæðið á vef Umhverfisstofnunar verði uppfærð reglulega.

## 2019

- ✓ Umhverfisstofnun vinni heildstæða framkvæmdaáætlun fyrir náttúruvættið, ásamt sveitarstjórn, í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Óskað verði eftir því við sveitarfélagið að gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir landvörð í nýju aðstöðuhúsi.
- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ *Öryggisáætlun friðlýstra svæða* stofnunarinnar verði staðfærð fyrir Skógafoss.
- ✓ Umhverfisstofnun upplýsi viðkomandi aðila um þær ábendingar og tillögur sem fram komu á íbúafundi um stjórnunar- og verndaráætlunina og varða starfssvið þeirra.
- ✓ Hjólaleið á Skógaheiði verði skilgreind og merkt.
- ✓ Kort verði unnið, í samráði við ábúendur og landeigendur, þar sem sýndar eru hjóla- og reiðleiðir innan náttúruvættisins.
- ✓ Samstarfsnefnd um málefni náttúruvættisins verði stofnuð að frumkvæði Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun hefji framkvæmdir við 2. áfanga í viðhaldi og uppbyggingu göngustígar á Skógaheiði.

## 2020

- ✓ Auglýsing um náttúruvættið verði endurskoðuð og breytingar á umsjón svæðisins tilgreindar. Nýtt kort verði unnið.
- ✓ Unnið verði að hönnun og breytingum á tröppum upp með Skógafossi í samvinnu við sveitarfélagið.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að sett verði upp aðkomuskilti við mörk nýju bílastæðanna sem vekja athygli á friðlýsta svæðinu.
- ✓ Haldið verði áfram framkvæmdum við 2. áfanga í viðhaldi og uppbyggingu göngustígar á Skógaheiði.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Skógræktina um að meta hvort þörf sé á að grisja skóginn í sunnanverðu náttúruvættinu og þá hvernig því skuli háttað.
- ✓ Sett verði upp upplýsingaskilti við aðkomu að Drangshlíðardal þar sem fólki verði leiðbeint um rétta aðkomuleið að Skógafossi, austan megin árinna.

## 2021

- ✓ Sett verða upp upplýsinga- og fræðsluskilti um náttúruvættið og umgengnisreglur.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlun.

## 2022

- ✓ Göngustígur, fær hjólastólum, verður gerður að útsýnisstað við Skógafoss í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Umhverfisstofnun láti gera útsýnisstað neðan við Skógafoss.

## 2023

- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlun.
- ✓ Aðgerðaáætlun endurskoðuð.



# 1. Inngangur

Skógafoss er um 60 metra hár foss í ánni Skógaá undir Eyjafjöllum. Hann er 15 metra breiður og svipmikill þar sem hann fellur fram af bergbrún niður í hyl á flatlendinu. Ofan Skógafoss er röð fagurra fossa í ánni. Upptök árinna eru á Fimmvörðuhálsi. Skógafoss þykir einn fegursti foss landsins og var friðlýstur árið 1987 sem náttúruvætti.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Skógafoss hófst í apríl 2017. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er sett í samræmi við 81. gr. [laga um náttúruvernd nr. 60/2013](#). Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur, sveitarfélag og umsjónaraðila náttúruvættisins og er hún hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið. Sérstaða Skógafoss er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Samstarfshópin skipaður:

Anton Kári Halldórsson, fulltrúi Rangárpings eystra.

Benedikt Benediktsson, fulltrúi Héraðsnefnda Rangárvalla og Vestur – Skaftafellssýslu, sem eru landeigendur, og fulltrúi umhverfisnefnda Rangárvallasýslu, sem hafa umsjón með náttúruvættinu skv. auglýsingu.

Ísólfur Gylfi Pálmason, fulltrúi Rangárpings eystra.

Magðalena Jónsdóttir, landeigandi Drangshlíðardals.

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Áætlunin gildir til ársins 2028 og með henni fylgir aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Með friðlýsingum er almennt stuðlað að því að lífríki fái að þróast eftir eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og náttúruvegurð haldist ósnortin. Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Skógafoss er að draga fram sérstöðu svæðisins og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

## 1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til þeirra sem tilgreindir eru í samráðsáætlun í viðauka V þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar væri að hefjast. Auk þess var á vinnslutíma haft samráð við þá aðila og óskað eftir gögnum eins og þurfa þótti. Þeim var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Opinn íbúafundur var haldinn 19. febrúar 2018 á Samgöngusafninu á Skógum og mættu þar 25 manns. Þar var kynning á stjórnunar- og verndaráætlunum almennt og

vinnu við áætlun Skógafoss lýst. Kallað var eftir skoðunum heimamanna um þau málefni sem fjallað var um í áætluninni, unnið úr þeim eftir fundinn og áætlunin uppfærð. Nokkrar ábendinganna beindust að málum sem aðrir aðilar en Umhverfisstofnun hafa með að gera og verða þeir upplýstir um þau mál. Enn aðrar ábendingar voru hugmyndir almenns eðlis og eru þær tíundaðar í [viðauka IV](#).

## 1.2. Eignarhald og umsjón

Austurhluti náttúruvættisins Skógafoss er í landi Ytri-Skóga sem eru í eigu héraðsnefnda Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en vesturhlutinn er í eigu jarðarinnar Drangshlíðardals sem er í einkaeign.

Samkvæmt auglýsingu um náttúruvættið skal umsjón þess vera í höndum náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir á Suðurlandi hafa eftirlit með svæðinu.

## 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Skógafoss, ásamt Skógaá og næsta nágrennis hennar, var friðlýstur árið 1987 sem náttúruvætti skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum, [nr. 477/1987](#). Fossinn er í Rangárþingi eystra, Rangárvallasýslu.

Í friðlýsingu Skógafoss er [alþjóðlegra samninga](#) ekki sérstaklega getið en þeir samningar sem hafa þýðingu fyrir lífríkið innan náttúruvættisins eru Bernarsamningurinn frá 1993, samningur um líffræðilega fjölbreytni frá 1992 og alþjóðasamþykkt um fuglavernd frá 1956.

Skógafoss er innan Kötlu Jarðvangs sem stofnaður var árið 2010 af Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Jarðvangurinn nær yfir 9.542 km<sup>2</sup>, frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri og inn á Vatnajökul í norðri og er Skógafoss skilgreindur sem jarðvætti (geosite). Í gildi er samkomulag á milli Umhverfisstofnunar og Kötlu Jarðvangs vegna fræðslu og náttúruverndar, sbr. viðauka III. Í samkomulaginu felst að unnið verði saman að gerð fræðsluefnis á starfssvæðum þeirra til að stuðla að aukinni þekkingu almennings á verndun og náttúru.

Framkvæmdir og breytingar innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Á jaðarsvæðinu er mannvikjagerð einnig háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Umsjónaraðilar, þ.e. náttúruverndarnefndir Rangárvallasýslu, samþykkja uppbyggingu innviða á svæðinu s.s. legu vega og göngustíga sem og staðsetningu útbúnaðar og mannvirkja í þágu útivistar, í samráði við Umhverfisstofnun. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að byggð sé lágrest og gætt skuli að ásýnd að friðlýsta svæðinu.<sup>1</sup>

Sveitarfélagið Rangárþing eystra fer með skipulagsvald á svæðinu.

Í gildi er aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024 sem var staðfest af Skipulagsstofnun árið 2015. Nýtt deiliskipulag var samþykkt árið 2018 fyrir hluta svæðis Ytri-Skóga en vesturmörk þess eru í Skógaá þar sem mörk Ytri-Skóga og Drangshlíðardals liggja. Austur

---

<sup>1</sup> Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024



hluti náttúruvættisins er því innan deiliskipulagssvæðisins og er stjórnunar- og verndaráætlunin unnin í samræmi við það.

## 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Skógafoss er 60 metra há, vatnsmikill foss sem fellur beint fram af bergbrún niður á láglandi. Hann er tilkomumikill og blasir við frá þjóðveginum. Hann þykir með fegurri fossum landsins og við hann er tengd þekkt þjóðsaga. Svæðið hefur um árabil verið vinsæll og fjölsóttur áningarstaður ferðamanna. Skógafoss sjálfur hefur fyrst og fremst gildi vegna fegurðar. Fýll verpir í hömrnum umhverfis fossinn. Varpið er ekki stórt en fýllinn er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir tegundir í hættu. Hagrænt gildi er einnig mikið þar sem margir íbúar svæðisins hafa tekjur af ferðamönnum sem koma til að njóta fegurðar fossins og umhverfis hans. Búseta og friðaðar fornleifar á svæðinu hafa einnig sögulegt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið.

Verndun Skógafoss styðst við 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar segir m.a. að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að varðveita vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er. Í 48. grein laganna er fjallað um friðlýsingar náttúruvætta sem eru skilgreindar sem einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þygi til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsingin skuli jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt sé til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN, um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Skógafoss undir flokk III. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan tiltölulega lítil svæði sem reiða sig oft á mun stærra svæði til að geta þrífist. Þetta á sérstaklega við þegar kemur að fossum þar sem vistkerfi þeirra og vatnasvið eru mikilvæg til að viðhalda náttúrulegu rennsli þeirra. Oft hafa svæði í flokki III mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.



## 2. Lýsing á svæðinu

### 2.1. Mörk svæðisins

Náttúruvættið Skógafoss er um 1,84 km<sup>2</sup> að stærð. Upp frá Skógafossi fylgir það Skógaá um 8 km upp á heiðar. Skógaheiði er austan við Skógaá en að vestan er Drangshlíðarheiði. Mörkum svæðisins er nánar lýst í auglýsingu um náttúruvættið [nr. 477/1987](#).

Kort af svæðinu er í [viðauka II](#).

#### 2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Skógar eru undir Austur-Eyjafjöllum. Þjóðvegur nr. 1 liggur skammt fyrir sunnan Skógafoss og blasir fossinn við hvort sem komið er vestan að eða að austan. Aðkoma að svæðinu er eftir heimreið frá Þjóðvegi 1 sem greinist í þrjár megin götur; nýjan aðkomuveg að byggðasafni, veg að Ytri-Skógum og veg að gamla skólahúsinu sem nú er farfuglaheimili. Þann veg aka þeir sem fara að Skógafossi.

Fimmvörðuháls heitir hálsinn upp af Skógafossi sem liggur á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Hæstur er hann 1132 m.y.s. og var áður fyrr undir jökli. Vinsæl gönguleið liggur yfir hálsinn frá Skógum í Goðaland og Þórsmörk. Frá Skógum hefst gönguleiðin við Skógafoss og er farið upp tröppur og stíg upp með fossinum. Gjarnan er gengið á Eyjafjallajökul af Fimmvörðuhálsi. Sæluhús er á hálsinum en mjög illviðrasamt getur verið þar uppi og veðrabrigði snögg.

Eyjafjöll eru fjallabálgur úr móbergi og blágrýti sem gengur vestur undan Mýrdalsjökli. Frá hæstu tindum eru heiðar til suðurs og vesturs fram að hamrabrunum og að norðan er aðlíðandi hlíð niður að Markarfljóti en bratt er niður í Þórsmörk. Sveitin undir Eyjafjöllum er græn yfir að líta og þekkt fyrir veðursæld en einnig ofsarok. Fram af brún Eyjafjalla falla víða fallegir og þekktir fossar líkt og Skógafoss og annars staðar sprettur vatnið fram úr klettum. Sumir fossanna eiga það til að blása upp í loft í hvassviðrum undir fjöllum. Skógaá á upptök sín í fjalllendi Fimmvörðuháls og er í senn lindá og dragá. Suður af Eyjafjöllum er landið flatt fram í sjó og í lok ísaldar var það undir sjó og suðurhlíðar fjallanna eru því fornir sjávarhamrar.

#### 2.1.2. Jarðminjar

Skógafoss er neðsti fossinn í röð fossa í ánni Skógaá. Fossinn er 60 metra hár og að jafnaði allvatnsmikill. Hann er þekktastur fossa Skógaár þar sem hann fellur óheftur í einu falli fram af bergbrún og niður á láglandið og blasir við þeim sem leið eiga um svæðið. Í ánni ofan Skógafoss eru rúmlega 20 fossar, smærri og stærri og margir þeirra bæði fagrir og sérkennilegir. Efsti fossinn líkist Skógafossi og ber einnig það nafn. Nokkrir hinna fossanna eru Hestavaðsfoss, Fremri- og Innri- Fellsfoss, Skálabrekkufofoss, Fosstorfufoss, Tungufossar,

Steinbogafoss, Landnorðursfoss, Króksfoss, Skógagilsfoss og Þrífossar.<sup>23</sup> Umhverfi Skógafoss er stórbrotið og síkvíkt. Eyjafjallajökull rís hæstur í fjallendinu upp af fossinum, virk eldkeila sem er 1666 metrar að hæð. Eldstöðin gaus síðast árið 2010. Gosið hófst 20. mars og gaus þá á Fimmvörðuhálsi. Það stóð til 13. apríl en daginn eftir hófst gos í toppgíg Eyjafjallajökuls og lauk því gosi 23. maí sama ár. Á Fimmvörðuhálsi standa eftir tveir nýir gígar frá gosinu, Magni og Móði. Á sögulegum tíma er vitað með vissu að gos hafi orðið í jöklinum á árunum 1821-1823 og gjóskulagarannsóknir hafa leitt í ljós að gosið hefur í fjallinu árin 1612-13 og árið 920.<sup>4</sup>

Víðáttumiklir sandar eru einkennandi fyrir Suðurlandið. Skógasandur heitir sandurinn frá Skógaá að Jökulsá á Sólheimasandi, einnig þekkt sem Fúlilækur, en þá tekur Sólheimasandur við. Skógasandur hefur orðið til úr seti jökulvatna en einkum vegna jökulhlaupa. Rannsóknir og ummerki á sandinum sýna að hann er líklega myndaður á milli 600 og 900 e. Kr. Í dag hafa tún verið ræktuð á sandinum ásamt öðrum gróðri til þess að hefta sandfokið.

Þjóðsaga útskýrir tilurð Sólheimasands á annan hátt. Í henni segir að Þrasi Þórólfsson, sem nam land að Skógum, hafi verið fjölkunnugur. Loðmundur gamli í Sólheimum var nágranni hans og einnig göldróttur. Elduðu þeir grátt silfur saman og deildu m.a. um hvar á úr Mýrdalsjökli skyldi renna. Vegna deilna þeirra varð, samkvæmt sögunni, Sólheimasandur til.

### 2.1.3. Gróður, vistgerðir og dýralíf

Heiðalönd Eyjafjalla eru lítt gróin vegna uppblásturs. Sléttlendið sunnan fjallanna er grösugt en víða mýrlendi. Skógur er einungis að Skógum en þó hvorki víðfemur né hávaxinn. Syðst með ströndinni eru sandar. Í hlíðunum upp með Skógafossi er vallendisgróður, nokkuð gróskumikill neðst en rýrnar þegar ofar dregur. Í Kvennabrekum, næst Skógafossi, er talsvert jarðvegsrof. Lúpína er á svæðinu næst þjóðveginum, beggja megin árinna. Fýll verpir í gljúfrinu við Skógafoss og í gljúfrum á Skógaheiði. Fýll er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla í hættu. Tjaldur verpir meðfram ánni neðan Skógafoss og víða á Skógaheiði verpir lóa. Lax og silungur gengur í Skógaá og er þar stunduð stangveiði. Sumarið 2017 var unnið að því að stöðva jarðvegsrof og endurheimta gróður í sárum með staðargróðri. Vegna mikillar og stöðugar umferðar árið um kring voru grasflatirnar framan við Skógafoss orðnar moldarflag. Þær voru girtar af og gróður endurheimtur með fræsáningu.

Samkvæmt [vistgerðarkorti](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands eru um 30 tegundir vistgerða innan náttúruvættisins Skógafoss. Þrjár þeirra teljast til flokks með mjög hátt verndargildi og 11 þeirra eru í hópi þeirra vistgerða sem þarf að vernda samkvæmt Bernarsamningnum en í honum er fjallað um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

---

<sup>2</sup> Jón. Kr. Gunnarsson. (1992).

<sup>3</sup> Tímarit.is

<sup>4</sup> Eldgos.is

## Vistgerðir í náttúruvættinu við Skógafoss

Vistlendi	Heiti vistgerðar	Verndargildi	þarf að vernda skv. Bernarsamningi
Votlendi	L8.6 Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt	Já
Votlendi	L8.9 Starungsmýravist	Mjög hátt	Já
Graslendi	L9.4 Snarrótarvist	Hátt	Já
Graslendi	L9.5 Grasengjavist	Hátt	Já
Graslendi	L9.6 Língresis- og vingulsvist	Hátt	Já
Mólendi	L10.1 Mosamóavist	Lágt	Nei
Mólendi	L10.3 Starmóavist	Miðlungs	Nei
Mólendi	L10.4 Grasmóavist	Hátt	Já
Mólendi	L10.5 Fléttumóavist	Miðlungs	Nei
Mólendi	L10.7 Lyngmóavist á hálendi	Hátt	Nei
Mólendi	L10.8 Lyngmóavist á láglendi	Miðlungs	Já
Mólendi	L10.9 Víðimóavist	Miðlungs	Nei
Mólendi	L10.10 Víðikjarrvist	Mjög hátt	Já
Moslendi	L5.1 Hélumosavist	Miðlungs	Já
Moslendi	L5.3 Hraungambravist	Lágt	Nei
Moslendi	L5.2 Melagambrovist	Miðlungs	Nei
Melar- og sandlendi	L1.1 Eyðimelavist	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.2 Grasmelavist	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.3 Mosamelavist	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.5 Sanda- og vikravist	Lágt	Já
Eyrar	L4.1 Eyravist	Lágt	Nei
Eyrar	L4.2 Auravist	Miðlungs	Nei
Skriður og klettur	L3.1 Urðarskriðuvist	Miðlungs	Já
Ferskvatn	V2.3 Ár á yngri berggrunni	Miðlungs	Nei
Ferskvatn	V2.8 Jökulár	Lágt	Nei
Aðrar landgerðir	L14.1 Þéttbýli og annað manngert land		
Aðrar landgerðir	L14.2 Tún og akurlendi		
Aðrar landgerðir	L14.3 Skógrækt		
Aðrar landgerðir	L14.4 Alaskalúpína		

Heimild: Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands <sup>5</sup>

<sup>5</sup> www.ni.is



## 2.2. Menningarminjar

Unnið var að fornleifaskráningu innan sveitarfélagsins í tengslum við deiliskipulag.<sup>6</sup>

Heimildir eru um fornleifar innan svæðisins en sýnilegar minjar eru fáar. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, „Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2013-2015“ kom út árið 2016. Í henni er m.a. að finna upplýsingar um minjar í eða við náttúruvættið Skógafoss. Sagan af gullkistu Þrasa Þórólfssonar í Skógum er vel þekkt og gerð skil á skilti nálægt fossinum. Samkvæmt sögunni kom Þrasi kistu sinni, fullri af gulli og gersemum, fyrir undir Skógafossi og er sagt að fyrrum hafi sést í annan kistugaflinn út undan fossinum. Hvað sem til er í sögunni sést hvorki tangur né tetur af kistunni í dag. Hestavaðshólmi eða Viðarhólmi heitir skógi vaxinn hólmi í Skógaá, rétt ofan við Skógafoss. Ofan við hólmann heitir Hestavað. Á vesturbakka árinna má sjá óljósan stíg upp brekkuna en ekki að austanverðu. Fleiri merki um fornleifar eru skráðar við bakka Skógaár neðan fossins en þær eru utan náttúruvættisins.<sup>7</sup> Hafa skal samráð við minjavörð áður en ráðist er í framkvæmdir.

Skógafoss hefur verið í þjóðleið frá landnámstíð og vakið athygli ferðalanga, þeirra á meðal listamanna.

Utan friðlýsta svæðisins á Skógum eru nokkrar þekktar fornminjar. Meðal þeirra má nefna Úlfhildardys sem er undir brekkurótum og er tengd þjóðsögu. Gamli kirkjugarðurinn er friðaður skv. þjóðminjalögum (100 ára eða eldri). Gamlar vörður renna stoðum undir gamlar heimildir um að áður fyrr hafi fé verið rekið yfir hálsinn til beitar á Goðalandi.

## 2.3. Landnotkun

### 2.3.1. Landbúnaður

Byggð hefur verið á Ytri - Skógum frá landnámstíð. Innan náttúruvættisins er stunduð ferðaþjónusta og útivist og sauðfjárbætur er á Skógaheiði.

Héraðsskóli starfaði um árabíl að Skógum og ofan hans plöntuðu nemendur trjám sem nú mynda skóg. Göngustígar hafa verið lagðir um svæðið og auðvelt að tengja þá gönguleiðinni upp með Skógafossi. Árið 1990 hófu Landgræðsluskógar, skógræktar- og uppgræðsluverkefni skógræktarfélaganna, að gróðursetja birki á sandauðninni syðst í náttúruvættinu, niður við þjóðveg, og hefur það dafnað vel.

### 2.3.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Skógafoss og umhverfi hans er vinsælt myndefni bæði af ljósmyndurum og kvikmyndatökumönnum. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna kvikmyndatöku.

<sup>6</sup> Deiliskipulag fyrir Ytri-Skóga 2012.

<sup>7</sup> Minjastofnun Íslands (tölvupóstur 23. júlí 2018)

### 2.3.3. Ferðaþjónusta og útivist

Skógafoss og Skógar hafa verið fjölsóttir ferðamannastaðir um árabíl og hefur fjöldinn vaxið mikið líkt og víðast á landinu. Árið 2015 er áætlað að um 555 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið að Skógafossi samanborið við 147 þúsund árið 2008, sem er nærri fjórföldun. Það þýðir að um 43% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árið 2015 hafi lagt leið sína að fossinum. Ferðamönnunum fjölgaði mun meira yfir vetrarmánuðina en sumarmánuðina þrjá eða sexfalt að vetrinum á móti 2,7 falt yfir sumarið. Yfir háveturinn desember – febrúar fjölgaði þeim þó mest eða rúmlega tífalt. Skógafoss er einnig vinsæll áningastaður íslenskra ferðamanna en á milli 21 og 30% Íslendinga komu að fossinum á árunum 2008-2015. Hlutfall Íslendinga árið 2008 var um 41% gesta en árið 2015 voru þeir 18% gesta og erlendir ferðamenn um 82%.<sup>8</sup>

Myndir af Skógafossi voru mikið notaðir í landkynningu á upphafsárum ferðaþjónustu í landinu en fossinn sjálfur, byggðasafn og hótél hafa verið seglar svæðisins auk leiðarinnar sem liggur upp og yfir Fimmvörðuháls. Innan friðlýsta svæðisins var áður ekið eftir sandeyrum langleiðina inn undir fossinn en skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir að bílastæði verði utan friðlýsta svæðisins. Tjaldsvæði er á flöt nálægt fossinum, að hluta til innan friðlýsta svæðisins en því verður einnig breytt skv. deiliskipulagi.

Tafla 1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna við Skógafoss árin 2008 - 2015<sup>9</sup>

Ár	Fjöldi
2008	147 000
2013	273 000
2014	425 000
2015	555 000

Fjölbreytt útivist er stunduð á svæðinu. Svifflug er vinsælt í og við náttúruvættið þar sem gott uppstreymi er við fjallshlíðina. Fimmvörðuháls er ein vinsælasta hálendisgönguleið á landinu sem tugþúsundir gesta nýta sér á hverju ári. Einnig er stígurinn yfir hálsinn vinsæll til fjallahjólaiðkunar.

## 2.4. Innviðir og mannvirki

Framan við Skógafoss er tjaldsvæði í umsjón Rangárþings eystra og þar er bygging sem rúmar hreinlætisaðstöðu, upplýsingagjöf og tjaldsvæðavörslu. Upp með Skógafossi liggja timburtröppur og járnstigi upp á brekkubrún þar sem útsýnispallur hefur verið smíðaður.

<sup>8</sup> Ferðamenn í Rangárþingi eystra 2008-2015. Rannsóknir & ráðgjöf.

<sup>9</sup> Ferðamenn í Rangárþingi eystra 2008-2015. Rannsóknir & ráðgjöf.



### 2.4.1. Landvarsla

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hefur umsjón og eftirlit með Skógafossi. Landvörður er staðsettur í Dyrhólaey og hefur eftirlit með Skógafossi allt árið um kring.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra sinnir einnig eftirliti og viðhaldi innviða.

### 2.4.2. Aðgengi

Frá náttúrunnar hendi er aðgengi að Skógafossi gott, marflatt land framan við hann og auðvelt að ganga upp að fossinum. Skógafoss sést auk þess vel frá Þjóðvegi nr. 1. Göngustígur liggur inn að Skógafossi og upp hlíðina austan við hann og fögur og tiltölulega auðveld gönguleið liggur áfram upp með gljúfrum Skógaár.

### 2.4.3. Vegir, göngu-, reiðhjóra- og reiðleiðir

Þegar ekið er að Skógafossi er farinn vegur að gamla skólahúsinu sem nú er farfuglaheimili. Núverandi bílastæði voru lagfærð vorið 2017. Fjallvegur liggur nokkru austar upp frá Skógum og upp á Fimmvörðuháls og er hann notaður í neyðartilvikum og til að þjónusta skála á hálsinum.

Hlíðarnar við Skógafoss voru farnar að láta verulega á sjá vegna átrotninga ferðafólks. Járnstigi var settur í brattasta hluta brekkunnar á 10. áratug síðustu aldar en eftir 2010 var bætt við hann og hann lagaður. Árið 2012 var settur útsýnispallur við fossbrúnina. Ári seinna voru timburtröppur smíðaðar í neðsta hluta stígsins. Gönguleiðin um Fimmvörðuháls hefst við Skógafoss og er farið upp stálstigann, upp Kvinnabrekku og að útsýnispallinum á Skógaheiði. Rangárþing eystra sér um viðhald stigans og er hann hertur árlega. Gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls er stíkuð og er hver stíka númeruð. Ástand göngustíga við Skógafoss var orðið mjög slæmt og haustið 2016 var mörgum hliðarstígum og villustígum lokað. Talsvert jarðvegsrof er í Kvinnabrekku austan Skógafoss og á Skógaheiði meðfram göngustíg á Fimmvörðuháls. Sumarið 2017 voru stígar afmarkaðir og lagfærðir.

Umhverfisstofnun hefur látið gera úttekt á núverandi ástandi göngustíga, innan náttúruvættisins, upp á Skógaheiði og áætlun um úrbætur. Í henni er lagt til að unnið verði í þremur áföngum að því að laga göngustíginn, en fyrsta áfangi var lokið í árslok 2018. Hönnun stígsins tekur mið af landslaginu og þannig reynt að koma í veg fyrir frekara rof. Fyrsti áfanginn liggur frá útsýnispalli við fossinn og áfram upp um 650 metra með gilbrúninni. Flestir ferðamenn sem ganga upp á heiðina snúa við þegar þessum kafla er lokið.<sup>10</sup>

Fimmvörðuháls er vinsæl reiðhjólaleið og er þá hjólað milli Skóga og Þórsmerkur.

Reiðleiðir eru ekki innan verndarsvæðisins, en hefð er fyrir því að ríða meðfram ánni inn að Skógafossi.

---

<sup>10</sup> Gunnar Óli Guðjónsson, 2016

#### 2.4.4. Skilti

Tvö fræðsluskilti eru á svæðinu og sáu Rangárþing eystra og Katla jarðvangur um gerð þeirra. Á þeim eru upplýsingar um náttúruvættið og nærumhverfi þess.

#### 2.4.5. Úrgangur

Sorptunnur eru ekki innan verndarsvæðisins en móttaka úrgangs er í gámi við jaðar svæðisins.

### 2.5. Öryggismál

Helsta hættu í náttúrunni sem steðjar að gestum við Skógafoss er hættu á hrapi. Á veturna eru helstu hættur hálka á göngustígum og klakamyndun framman við fossinn þar sem er stöðugur vatnsúði. Einnig er hættu á íshruni úr klettunum í gilinu við fossinn. Á Skógaheiði geta myndast snjóhengjur við ána sem geta verið varasamar.

Umhverfisstofnun hefur unnið öryggisáætlun fyrir friðlýst svæði og unnið er að áhættumati fyrir Skógafoss þannig að unnt verði að staðfæra áætlunina að svæðinu.

### 2.6. Fræðsla og kynning

Skógafoss er með þekktari stöðum á landinu og afar fjölsóttur. Hann hefur verið myndefni í gegnum tíðina og hefur prýtt forsíður bóka og bæklinga í gegnum árin. Þá hefur hann sést í kvikmyndum. Söfnin á Skógum, einkum byggðasafnið, eru uppspretta fróðleiks um umhverfi fossins og mannlífið í sveitinni. Aðgengi að fræðslu- og upplýsingaefni um náttúru svæðisins er ábótavant en stefnt er að úrbótum í því efni sbr. kafla [3.7](#).

### 2.7. Mönnuð og ómönnuð loftför

Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna notkunar ómannaðra loftfara innan náttúruvættisins í þeim tilfellum þar sem hætt er við að flug þeirra valdi truflun á dýralífi og ónæði fyrir gesti á svæðinu.

### 2.8. Rannsóknir og vöktun

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og Sveitarfélagið Rangárþing eystra hafa eftirlit með svæðinu en engin skipulögð vöktun er á því.

## 3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Skógafoss og viðhalda verndargildi svæðisins og lífríkis þess. Einnig er markmiðið að tryggja jákvæða upplifun gesta með því að viðhalda náttúrufarslegum gæðum svæðisins og draga úr neikvæðum áhrifum utanaðkomandi þátta eins og hljóð-, sjón- og loftmengunar. Fjöldi fólks heimsækir Skógafoss árið um kring og því er nokkur áhersla á uppbyggingu innviða og öryggismál. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt senn.

### 3.1. Stjórnsýsla

Þegar hugað er að framtíðarskipulagi svæðisins skal náttúra þess vera í fyrsta sæti. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að friðlýsta svæðið meðfram Skógaá verði stækkað. Frá því að núverandi mörk voru ákveðin hefur áin færst út fyrir mörkin og er lagt til að þau verði lagfærð og verði aldrei nær ánni en 50 m að austanverðu.

Samkvæmt auglýsingu um náttúruvættið er umsjón svæðisins í höndum náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu. Lagt er til að umsjón þess færist yfir til Umhverfisstofnunar, sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Jafnframt er lagt til að stofnuð verði samstarfsnefnd um málefni náttúruvættisins. Hlutverk hennar verður að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, hafa samvinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum, og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

Aðgerðir:

- ✓ Auglýsing um náttúruvættið verði endurskoðuð og breytingar á umsjón svæðisins tilgreindar. Nýtt kort unnið.
- ✓ Samstarfsnefnd um málefni náttúruvættisins stofnuð að frumkvæði Umhverfisstofnunar.

### 3.2. Náttúruminjar

Skógafoss er verndarandlag svæðisins og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til verndunar hans. Markmiðið er að vernda ásýnd fossins og lífríkið á áhrifasvæði hans. Ekki skal raska vatnasviði Skógafoss.

#### 3.2.1. Jarðminjar

Vernda skal jarðmyndanir náttúruvættisins Skógafoss og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna raski ekki jarðminjum eða rýri ásýnd svæðisins. Á skiltum skal m.a. bent á að bannað sé að raska jarðminjum og ásýnd, t.d. með því að hlaða vörður, og ástæður þess tilgreindar.

### 3.2.2. Gróður, vistgerðir og dýralíf

Vernda skal ásýnd svæðisins, lífríki og gróðurfar. Stefnt skal að því að allir aflegustígar innan náttúruvættisins verði græddir upp svo og rofabörð á Skógaheiði. Nota skal staðargróður við uppgræðslu. Vakta skal framvindu ágengra tegunda við jaðar Skógafoss og sporna við því að þær nái frekari fótfestu innan náttúruvættisins en lúpína er nú þegar syðst í því. Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. göngustígagerð og merkingum. Umhverfisstofnun fylgi því eftir og leggi árlega mat á árangur starfsins í samstarfi við Landgræðsluna eftir því sem ástæða þykir til. Gæludýr skulu höfð í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau trufla síður dýralíf og gesti sbr. [reglu nr. 8](#) í kafla 4. Stefnt skal að frekari rannsóknum á svæðinu, þ.m.t. kortlagningu dýralífs og áhrifa ferðamennsku á lífríki svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Eyða skal ummerkjum aflagðra stíga við Skógafoss. Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þess og fylgst með árangri verksins með myndatöku og skýrslugerð.

### 3.3. Menningarminjar

Fornleifaskráning var unnin á vegum sveitarfélagsins í samráði við Minjastofnun. Menningaminjar innan náttúruvættisins eru lítt sýnilegar en þær ber að varðveita með því að fræða fólk um þær, sjá kafla [3.5.5](#) og [3.7](#). Vegna framkvæmda eða hættu á röskun á menningaminjum skal haft samráð við minjavörð Suðurlands.

### 3.4. Landnotkun

Öll landnotkun innan náttúruvættisins og á áhrifasvæði þess skal vera í samræmi við markmið um verndun Skógafoss, deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi. Sérfræðingur skal sjá til þess að ástandsmat fyrir svæðið verði gert árlega.

Aðgerðir:

- ✓ Landvörður í samstarfi við sérfræðing geri ástandsmat fyrir svæðið.

#### 3.4.1. Landbúnaður

Hefðbundinn búskapur er á Ytri-Skógum og í Drangshlíðardal. Innan náttúruvættisins er sauðfjárbreit einungis á Skógaheiði.

Lagt er til að í samstarfi við Skógræktina verði skoðað hvort og þá hvernig grisja skuli skóginn á sunnanverðu svæðinu í þeim tilgangi að opna betur sýn að Skógafossi frá þjóðvegi, þyki þess þörf. Hafa ber í huga að skógurinn veitir skjól fyrir gesti og byggð á Skógum gegn sunnan og suðvestan áttum og dregur úr sandfoki og vindhviðum á veginum þegar norðanátt ríkir. Ekki er gert ráð fyrir að frekari skógrækt verði innan friðlýsta svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Skógræktina um að meta hvort þörf sé á að grisja skóginn í sunnanverðu náttúruvættinu og þá hvernig því skuli háttað.

### 3.4.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndatökur og viðburðir sem skipulagðir eru innan verndarsvæðisins skulu ekki raska gróðri og dýralífi og vera í samræmi við þær reglur sem gilda innan svæðisins. Flug dróna og afmörkun eða lokun svæða innan náttúruvættisins vegna kvikmyndatöku geta haft neikvæð áhrif á dýralíf, öryggi og upplifun gesta. Draga skal úr þeim áhrifum eins og kostur er með því að fara eftir tilmælum landvarða og framkvæma kvikmyndatökur utan háannatíma dagsins eða eftir leiðbeiningum þar um. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna atburða og kvikmyndagerðar í atvinnuskyni á verndarsvæðinu, sbr. [reglu nr. 4](#) í kafla 4. Sótt er um leyfi vegna framkvæmda, þ.m.t. myndatöku í atvinnuskyni, á vef Umhverfisstofnunar.

### 3.4.3. Ferðaþjónusta og útivist

Fjöldi gesta sem heimsækir svæðið hefur aukist undanfarin ár og síðustu ár hefur mesta fjölgunin verið yfir vetrartímam. Gæta þarf að þolmörkum svæðisins og að ferðaþjónusta þar sé sjálfbær og valdi ekki röskun eða óþarfa álagi á lífríki svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka fjölda gesta með beinni stýringu en framboð á bílastæðum stýrir umferðinni að nokkru leyti. Samkvæmt nýju deiliskipulagi verður tjaldsvæði fært út fyrir friðlýsta svæðið og er næturdvöl innan þess ekki leyfileg, sbr. [reglu nr. 1](#) í kafla 4. Til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir af völdum hesta er rekstur þeirra ekki leyfður innan náttúruvættisins en ríðandi mönnum er heimil för um hefðbundna leið innan þess, svo sem list er í kafla [2.4.3](#), sbr. [reglu nr. 6](#) í kafla 4. Hjólreiðar eru heimilar á merktum hjólaleiðum og akvegum, sbr. [reglu nr. 7](#) í kafla 4. Stuðla skal að ábyrgri markaðssetningu fyrir svæðið og hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar með tilliti til öryggis gesta og verndunar svæðisins. Umhverfisstofnun stefnir að því að vinna þolmarkagreiningu fyrir náttúruvættið og innviði þess.

## 3.5. Innviðir og mannvirki

Samkvæmt nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir að tjaldsvæði og þjónustuhús flytjist út fyrir friðlýsta svæðið. Allir innviðir á svæðinu skulu miða að því að vernda svæðið og bæta aðgengi ferðamanna. Uppbygging innviða skal gera ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra að ákveðnum svæðum í samræmi við deiliskipulag. Nota skal flokkunarviðmið Ferðamálastofu varðandi [aðgengi fyrir alla](#). Samræmi skal vera í útliti og hönnun mannvirkja á svæðinu og að þau falli vel að umhverfinu. Reglulegt viðhald skal vera á innviðum. Góðir og vel hannaðir innviðir eru til þess fallnir að hlífa landinu.

Gert er ráð fyrir að tveir útsýnisstaðir verði við Skógafoss að austanverðu. Nýr útsýnisstaður verði gerður neðan við Skógafoss með aðgengi fyrir alla í huga og núverandi pallur ofan við Skógafoss verði færður svo hann falli betur inn í umhverfið. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða vestanmegin við fossinn.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir móttöku- og aðstöðuhúsi að hámarki 150 m<sup>2</sup> norðvestan við ný bílastæði, við jaðar friðlýsta svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vinni heildstæða framkvæmdaáætlun fyrir náttúruvættið, ásamt sveitarstjórn, í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Fylgst verði með ástandi innviða og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Óskað verði eftir því við sveitarfélagið að gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir landvörð í nýju aðstöðuhúsi.

### 3.5.1. Landvarsla og umsjón

Stefnt er að því að regluleg landvarsla verði við Skógafoss árið um kring og að landvörður sinni eftirliti, fræðslu og upplýsingagjöf og samskiptum við þá ferðapjónustuaðila og aðra gesti sem nýta sér svæðið.

### 3.5.2. Aðgengi og takmarkanir á umferð

Aðgengi á svæðinu skal vera til fyrirmyndar en ávallt skal horft til verndarsjónarmiða. Koma kann til tímabundinna takmarkana og lokana á umferð, um hluta svæðisins, til að draga úr hættu á jarðvegsrofi, sbr. [reglu nr. 5](#) í kafla 4. Einkum á þetta við að vori og hausti, þegar náttúran er hvað viðkvæmust og jarðvegur blautur. Stefnt skal að því að aðal göngustígur frá nýju bílastæði að Skógafossi verði hannaður með aðgengi hreyfihamlaðra í huga og fyrir akstur neyðarbíla. Útsýnisstaður aðgengilegur öllum verði við Skógafoss.

Aðgerðir:

- ✓ Göngustígur, fær hjólastólum, verður gerður að útsýnisstað við Skógafoss í samræmi við deiliskipulag.
- ✓ Umhverfisstofnun láti gera útsýnisstað neðan við Skógafoss.
- ✓ Mat verði gert á ástandi gönguleiða innan náttúruvættisins um Fimmvörðuháls á hverju vori og meti hvort loka þurfi leiðinni vegna þýðu og aurbleytu.

### 3.5.3. Vegir og bílastæði

Samkvæmt nýju deiliskipulagi gerir sveitarfélagið ráð fyrir að bílastæðin verði flutt út fyrir friðlýsta svæðið og náttúrulegt ástand svæðisins endurheimt. Aðkoma neyðarbíla nær fossinum verður eftir aðal göngustígnum.

### 3.5.4. Göngu- og reiðhjólástígar

Gönguleiðir skulu vera í samræmi við friðlýsingaskilmála, stjórnunar- og verndaráætlun og deiliskipulag. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með besta fánlegu undirlagi svo gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra. Megin gönguleið frá nýju bílastæði að Skógafossi skal vera fær hjólastólum og neyðarbílum. Gert er ráð fyrir breikkun á gönguleið upp með Skógafossi. Göngustíg á Skógaheiði, sem liggur á Fimmvörðuháls, skal



vera vel við haldið. Koma skal í veg fyrir frekara jarðvegsrof og gróðurskemmdir í og umhverfis gönguleiðina með viðhaldi og uppbyggingu göngustíga þar sem þess er þörf. Gestir náttúruvættisins skulu ávallt fylgja gönguleiðum innan þess og virða lokanir og merkingar sem þar kunna að vera. Merkingar vegna öryggissjónarmiða og vegna gróðurverndar skulu vera skýrar þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gangandi fólks. Stefnt er að því að vinna áfram að 2. og 3. áfanga í viðhaldi og uppbyggingu göngustígar á Skógaheiði í samræmi við úttekt og áætlun þar um og eftir því fjármagni sem fæst til verksins. Utan vega verða hjólreiðar einungis heimilar á merktri hjólaleið innan náttúruvættisins, sbr. [reglu nr. 7](#) í kafla 4. Gert er ráð fyrir að hjólaleiðir muni að mestu leiti liggja um vegslóða sem liggur um Skógaheiði en nánari útfærsla verður unnin í samráði við hagsmunaaðila.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Unnið verði að hönnun og breytingum á tröppum upp með Skógafossi í samvinnu við sveitarfélagið.
- ✓ Umhverfisstofnun hefji framkvæmdir við 2. áfanga í viðhaldi og uppbyggingu göngustígar á Skógaheiði.
- ✓ Hjólaleið á Skógaheiði verði skilgreind og merkt.
- ✓ Kort verði unnið þar sem sýndar eru hjóla- og reiðleiðir innan náttúruvættisins.

### 3.5.5. Skilti

Stefnt skal að því að gestum verði ljóst að þeir eru á friðlýstu svæði og að þar gildi ákveðnar umgengnisreglur. Stefnt skal að samstarfi milli hagsmunaaðila á svæðinu til að samræma útlit skilta þannig að ásýnd staðarins verði heildræn og rýri ekki upplifun gesta.

Innan verndarsvæðisins skulu vera fræðsluskilti sem upplýsi um náttúrufar, jarðsögu og menningu, upplýsingaskilti með upplýsingum um umgengnisreglur og vegvísar. Skilti og merkingar verði í samræmi við *Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum* og unnar í samstarfi við Kötlu Jarðvang í samræmi við samkomulag sem gert var þar um. Upplýsingar um svæðið skulu vera við upphaf göngustíga inn á svæðið og við upphaf gönguleiðar yfir Fimmvörðuháls á Skógaheiði.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að sett verði upp aðkomuskilti við mörk nýju bílastæðanna sem vekja athygli á friðlýsta svæðinu.
- ✓ Sett verða upp upplýsinga- og fræðsluskilti um náttúruvættið og umgengnisreglur.
- ✓ Sett verði upp upplýsingaskilti við aðkomu að Drangshlíðardal þar sem fólki verði leiðbeint um rétta aðkomuleið að Skógafossi, austan megin árinna.

### 3.5.6. Úrgangur

Halda skal svæðinu hreinu og fjarlægja úrgang daglega sem fellur til vegna heimsóknar gesta. Stuðla skal að góðri umgengni gesta með vitundarvakningu um ábyrga ferðamennsku.

Sorptunnur verða ekki innan marka náttúruvættisins. Gestir svæðisins skulu taka með sér úrgang og losa sig við hann á viðeigandi stað.

### 3.6. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best við Skógafoss. Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu. Gestir svæðisins skulu upplýstir um hættur á svæðinu, sérstaklega yfir vetrartímann, með tilsögn frá landverði og skiltum þar að lútandi. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys skal safnað saman og þær greindar og metið hvort og hvernig hægt verði að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Starfsmenn Umhverfisstofnunar skulu vera vel að sér í skyndihjálpar og vera ávallt með fyrstuhjálpar búnað til taks. Upplýsingar frá „Safe Travel“ liggja frammi á fyrirhugaðri þjónustumiðstöð. Ítarlegar upplýsingar um gönguleiðina yfir Fimmvörðuháls skulu vera áberandi og aðgengilegar.

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verði höfð til hliðsjónar við öryggismál við Skógafoss. Leggja skal áherslu á að gestir svæðisins virði merkingar og fylgi göngustígum.

Aðgerðir:

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar verði staðfærð fyrir Skógafoss.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.
- ✓ Landvörður skal vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og skrá það í dagbók landvarða og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.

### 3.7. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru- og menningarminjar verndarsvæðisins skulu vera aðgengilegar almenningi ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningarminjum svæðisins sem verið er að vernda, og þannig stuðla að góðri umgengni.

Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta. Athygli skóla skal vakin á möguleikum svæðisins í fræðslustarfi. Sérfræðingur og landverðir verði ávallt reiðubúnir að veita fræðslu til samfélagsins um náttúru og náttúruvernd eftir því sem unnt er.

Aðgerðir:

- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Heimasíða um svæðið á vef Umhverfisstofnunar verði uppfærð reglulega.

### 3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flugumferð er háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálahandbók. Skógar eru skilgreindir sem þéttbýlisstaður og því miðast flughæð yfir staðnum við 1000 fet.

Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnum loftförum innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. [reglu nr. 2](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

Vegna notkunar fjarstýrðra loftfara (dróna) skal fara eftir reglum Samgöngustofu og reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara. Þar sem Skógafoss er fjölsóttur ferðamannastaður og fuglavarþ er í hömrum við fossinn er notkun ómannaðra loftfara óheimil innan marka náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [reglu nr. 3](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

### 3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilmáttá íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun Íslands í samstarfi við Umhverfisstofnun mun á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu stofnunarinnar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilmáttá íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilmáttá íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun mun óska eftir því við þá aðila sem stunda rannsóknir á verndarsvæðinu að niðurstöður þeirra verði sendar til stofnunarinnar sem er heimilt að birta þær á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands.



## 4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl við náttúruvættið Skógafoss sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Næturgisting er einungis heimil á skilgreindu tjaldsvæði, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld, sbr. [kafla 3.4.3](#).
2. Óheimilt er að lenda þylum innan náttúruvættisins sbr. [kafla 3.8](#). Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.
3. Óheimilt er að nota ómönnuð loftför innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. [kafla 3.8](#). Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.
4. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar sbr. [kafla 3.4.2](#). Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.
5. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum sbr. [kafla 3.5.2](#).
6. Til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir af völdum hesta er rekstur þeirra ekki leyfður innan náttúruvættisins en ríðandi mönnum er heimil för um hefðbundnar leiðir innan þess sbr. [kafla 3.4.3](#).
7. Hjólreiðar eru heimilar á merktum hjólaleiðum og akvegum sbr. [kafla 3.4.3](#) og [3.5.4](#).
8. Gæludýr skulu höfð í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau trufla síður dýralíf og gesti sbr. kafla [3.2.2](#).

# Heimildir

Argos og Landslag. (2017). *Deiliskipulag fyrir Ytri-Skóga 2012, greinagerð*. Ísland: Höfundar.

Ari Trausti Guðmundsson. (1990). *Á ferð um hringveginn*. Reykjavík: Líf og saga.

Eyjafjallajökull. Sótt 5. júlí 2017 af <http://eldgos.is/eyjafjallajokull/>.

Gunnar Óli Guðjónsson. (2016). Skógaheiði. Úttekt á stígum. Ísland: Umhverfisstofnun.

Jón Árnason. *Þjóðsögur Jóns Árnasonar*. Sótt af <https://www.snerpa.is/net/thjod/thrasi.htm>.

[Jón Kr. Gunnarsson. \(1992\). \*Íslenskir fossar\*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.](#)

Lesbók Morgunblaðsins. (1936, 26. janúar). Fossarnir í Skógaá. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pagelId=3271897](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelId=3271897)

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Rögnvaldur Guðmundsson. (2016). *Ferðamenn í Rangárþingi eystra 2008-2015*. Ísland: Rannsóknir & ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

Skógafoss. Sótt 15. maí 2017 af <https://en.wikipedia.org/wiki/Sk%C3%B3gafoss>.

Skogafoss – Waterfall. Sótt 15. maí 2017 af <https://www.south.is/en/moya/toy/index/place/skogafoss-waterfall>.

Skógafoss, Skógum, Rangárþingi. Sótt 15. maí 2017 af <http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/skogafoss/#Tab0>.

Skógafoss. Sótt 15. maí 2017 af <http://www.katlageopark.is/afangastadir/skogarfoss/>  
<http://www.katlageopark.is/afangastadir/#1>.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum. (2006). *Vegahandbókin: Ferðahandbókin þín*. Danmörk: Vegahandbókin.

Stj. tíð. B, nr. 477/1987. Auglýsing um náttúruvætti.

Teiknistofa arkitekta. (2014). Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024. Sótt af <http://www.hvolsvollur.is/library/Files/Byggingar-og-skipulagsmal/Gogn-med-auglysingu-20.8/140711-ASRANGEY-Greinarger.pdf>

Vistgerðir á Íslandi. Sótt 12. september 2017 af <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson. (1980). *Landið þitt Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson. (1983). *Landið þitt Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur.



# Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 477/1987.

Sérprentun nr. 504.

## Auglýsing um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Skógafoss ásamt nokkrum fleiri fossum í Skógaá og næsta nágrenni í Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

### Mörk svæðisins eru:

Að sunnan ræður þjóðvegur. Að austan fylgja mörkin línu, sem dregin er 100 m austan brúar yfir Skógaá og í suðvesturhorni lóðar umhverfis barnaskólann. Mörk fylgja síðan vesturhlíð lóðarinnar og úr norðvesturhorni hennar er dregin bein lína upp í brún Fosstorfu, 100 m austan gilbrúnar við Skógafoss. Úr brún Fosstorfu liggja mörkin 100 m austan við farveg Skógaár, inn eftir Skógaheiði, að vaði í 600 m hæð yfir sjávarmáli. Að vestan liggja mörkin frá vaðinu, 100 m vestan við farveg Skógaár, niður eftir Drangshlíðarheiði, í heiðarbrúnina 100 m vestan við Skógafoss. Síðan fylgja mörkin línu, sem dregin er 10 m vestan Skógaár niður að þjóðvegi. Vestan Skógaá er jaðarsvæði og liggja mörk þess frá þjóðvegi um lónið vestan við brúna á Skógaá og um austanverðan Skóganúp, þar sem hann gengur lengst til austurs. Þaðan bein lína til norðnorðausturs, um tún í Drangshlíðardal að Brúnalækjum, 100 m vestan við Skógaá. Austan Skógaár er einnig jaðarsvæði og mörk þess eru þjóðvegur að sunnan, vegur heim að Skógaskóla að austan og vegur að barnaskóla að norðan.

### Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar]. Skytt er að hlíta ábendingum [stofnunarinnar] um staðarval, útlit og frágang mannvirkja.
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Á jaðarsvæðinu gilda ekki reglurnar um náttúruvættið, en öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].

Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu, sem samþykkir fyrirkomulag útivistar, s.s. legu vega og göngustiga, sem og staðsetningu útúnaðar og mannvirkja í þágu útivistar í samráði við [Umhverfisstofnunar].

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar Rangárvallasýslu.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 22. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson



# Viðauki II



# Viðauki III



## Samkomulag vegna fræðslu og náttúruverndar í *Kötlum Jarðvangi*

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Katla Jarðvangur kt. 600611-0700 munu vinna saman að gerð fræðsluefnis og stuðla að aukinni þekkingu almennings á verndun náttúru á starfssvæðum Umhverfisstofnunar og Kötlum Jarðvangs. Markmiðið með samkomulaginu er að vekja athygli á verðmætum friðlýstra svæða og mikilvægi þess að vernda þau.

### Samkomulagið nær til eftirtaldrá friðlýstra svæða:

Skógafoss, náttúruvætti  
Dyrhólaey, friðland  
Áltaversgígur, náttúruvætti  
Kirkjugólf, náttúruvætti  
Dverghamrar, náttúruvætti

### Aðilar samkomulagsins eru sammála um að:

- ✓ Efla fræðslu og upplýsingar um friðlýstu svæðin.
- ✓ Vinna saman að öflun fræðsluefnis og framsetningu þess.
- ✓ Merki Kötlum Jarðvangs verði á öllum skiltum á svæðunum.
- ✓ Samræma útlit fræðslu- og upplýsingaskilta innan Kötlum Jarðvangs og styðjast við *Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum*.
- ✓ Skapa snyrtilegt, skilvirkt og fræðandi umhverfi og jákvæða ásjúnd svæðanna.
- ✓ Skipta kostnaði jafnt vegna útgáfu fræðsluefnis á framangreindum svæðum.

*Hvolsvöllur, 6. apríl 2017*

F.h. Kötlum Jarðvangs

  
KATLA · UNESCO  
KATLA GEOPARK  
ICELAND  
GLOBAL GEOPARK

F.h. Umhverfisstofnunar

  
UMHVERFISSTOFNUN  
Kt. 701002-2880

# Viðauki IV

Á opnum kynningarfundum um stjórnunar- og verndaráætlunina sem haldinn var 19. febrúar 2018 komu eftirtaldar almennar tillögur og ábendingar fram. Tillögurnar eru ekki hluti af þessari stjórnunar- og verndaráætlun en er haldið til haga til áframhaldandi skoðunar fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila:

- göngustígur verði gerður um skógræktarsvæðið sunnan við Kverná
- gerð verði hringleið upp með fossi, austur að gamla skólahúsinu og niður í gegnum skóginn
- boðið verði upp á hjólastóla til láns/leigu fyrir þá sem eiga erfitt með gang
- mannbroddar verði til sölu
- göng verði gerð inn í hæðina við fossinn og lyfta upp
- göng verði ekki gerð inn í hæðina
- yfir Fimmvörðuháls verði einstefnumferð göngufólks komið á
- þyrlulendingarsvæði fyrir viðbragðsaðila verði skilgreint
- vinna með hugmynd um kistu Þrasa
- leit að gullkistunni
- hægt verði að setja frjáls framlög í kistu Þrasa
- Skógafoss verði lýstur upp
- inn í bergið við fossinn yrði gerður hellir þar sem yrði myndasýning
- mikil umferð er í Kvernugil og þar er hrúnhætta

# Viðauki V


## Samráðsaðilar


Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til. Tilynging um að vinnslu áætlunarinnar var send til eftirtalinna stofnana og félagasamtaka:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Landsbjörg
- Ferðamálastofa
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Skógræktarfélag Íslands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Landvernd
- Fuglavernd
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samút
- Flugmálafélag Íslands
- Félag leiðsögumanna
- Lögreglan á Suðurlandi
- Katla GeoPark
- Landssamtök hjólréiðamanna
- Fjallahjólabandalagið
- Markaðsstofa Suðurlands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands
- Byggðasafnið Skógum
- Hótel Skógar
- Hótel Skógafoss
- Icelandair Hotel (Edda)
- Skógar Guesthouse
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn

- Ferðafélag Íslands
- Útivist
- Volcano hut (Þórsmörk)
- Þyrluþjónustan
- Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
- Þorsteinn Jónsson, Hvolsvelli
- Guðlaug Ósk Svansdóttir, form. Skipulagsnefndar, Hvolsvelli
- Skógræktarfélag Rangæinga

F.h. Umhverfisstofnunar 3. apríl 2019

  
Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri

  
Guðbjörg Gunnarsdóttir, teymisstjóri

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson